

## **Siðareglur stjórnar Umhyggju**

### **1. Markmið siðareglanna**

- 1.1. Í reglum þessum er skráð og skilgreind sú háttsemi sem stjórnarmenn í stjórn Umhyggju vilja sýna af sér við öll sín störf. Sömu siðareglur gilda fyrir áheyrnarfulltrúa í stjórn og varamenn þeirra eins og fyrir stjórnarmenn þó þeirra sé ekki getið sérstaklega í reglunum.

### **2. Starfsskyldur**

- 2.1. Stjórnarmenn gegna störfum sínum af alúð og samvirkusemi og gæta þar almannahagsmuna og hagsmuna Umhyggju. Í störfum sínum eru stjórnarmenn bundnir af lögum, reglum og samþykktum Umhyggju sem og sannfæringu sinni.
- 2.2. Stjórnarmenn hafa ávallt í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnarsýslu í störfum sínum, þ.m.t. gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku, og framkvæma ekkert það sem er til þess fallið að vekja grunsemdir um að annað en lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för í störfum þeirra.
- 2.3. Stjórnarmenn móta stefnu og hafa eftirlit með rekstri Umhyggju. Stjórnarmenn gæta þess að framkvæmd stjórnarsýslu og rekstur félagsins sé ávallt eins og best verður á kosið. Stjórnarmenn aðhafast ekkert það sem falið getur í sér misnotkun á fjármunum félagsins eða almannafé. Stjórnarmenn forðast að aðhafast nokkuð það sem er þeim til vanvirðu eða álitshnekkis eða sem varpað getur rýrð á störf þeirra eða Umhyggju.
- 2.4. Stjórn Umhyggju ber að gæta þess að félagsmenn í félaginu séu upplýstir um framkvæmd starfa sinna og atriði sem skipta máli í rekstri félagsins eins og kostur er. Framkvæmdastjóri félagsins sem jafnframt er áheyrnarfulltrúi í stjórn hefur það hlutverk fyrir hönd stjórnar að miðla þessum upplýsingum samkvæmt fyrirmælum stjórnar.

### **3. Valdmörk og málefnaleg umfjöllun**

- 3.1. Stjórnarmenn gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu innan Umhyggju. Þeir sýna störfum og réttindum annarra stjórnarmanna og starfsmanna félagsins virðingu.
- 3.2. Stjórnarmenn skulu fara vel með vald sitt og gæta þess að umfjöllun sé ávallt málefnaleg. Þeir skulu einnig gæta þess að persónulegar skoðanir á einstaklingum, stofnunum eða viðfangsefnum hafi ekki áhrif á ákvarðanatöku þeirra eða afgreiðslu

einstakra mála. Sömuleiðis skulu þeir taka tillit til sjónarmiða allra málsaðila án þess þó að láta skoðanir annarra rýra nauðsynlegt sjálfstæði sitt eða hafa áhrif á eigin afstöðu og ályktanir.

- 3.3. Stjórnarmönnum er ljós persónuleg ábygd á framkomu sinni í ræðu og riti. Þeim ber að hafa í huga skyldur sínar sem stjórnarmenn Umhyggju þó að þeir komi fram utan starfssviðs félagsins. Siðareglur þessar setja þó ekki hömlur á tjáningafrelsi stjórnarmanna sem koma fram í eigin nafni í fjölmiðlum, þar sem persónulegar skoðanir stjórnarmanns koma fram, enda sé gætt ákvæða reglna þessara.

#### **4. Hagsmunaárekstrar og vanhæfi**

- 4.1. Stjórnarmenn forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum og ber að tilkynna formanni stjórnar um hugsanlegt vanhæfi sitt í störfum fyrir Umhyggju eða í einstökum málum.
- 4.2. Stjórnarmenn skulu víkja af fundi séu þeir vanhæfir til að fjalla um mál. Einstakir stjórnarmenn geta krafist þess að stjórnarmaður taki ekki þátt í umfjöllun um einstök mál og fái ekki afhent gögn vegna þeirra mála. Meirihluti stjórnar ákveður hvort stjórnarmaður teljist vanhæfur.
- 4.3. Sé stjórnarmaður vanhæfur til afgreiðslu máls skal hann ekki hafa aðgang að þeim gögnum og upplýsingum er varða það mál sem þeir eru vanhæfir til að fjalla um.
- 4.4. Stjórnarmenn nýta sér ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum fyrir Umhyggju lýkur.
- 4.5. Leggja skal fyrir stjórn til staðfestingar (eða synjunar) alla samninga sem stjórnarmaður og/eða framkvæmdastjóri kunna að gera við félagið og samninga milli félagsins og þriðja manns ef stjórnarmaður og/eða framkvæmdastjóri hafa hagsmuni af slíkum samningum og þeir hagsmunir kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins.

#### **5. Gjafir og fríðindi**

- 5.1. Stjórnarmenn þiggja ekki gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá félagsmönnum, viðskiptamönnum eða öðrum þeim sem þeir eiga samskipti við í störfum sínum fyrir Umhyggju.

#### **6. Þagnar- og trúnaðarskylda**

- 6.1. Á stjórnarmönnum hvílir þagnarskylda um málefni félagsins, hagi starfsmanna og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem stjórnarmenn og leynt skulu fara samkvæmt samþykktum félagsins, lögum eða eðli máls, nema um sé að ræða málefni

sem stjórn ákveður að gera opinber eða slíkt leiðir af samþykktum félagsins. Þagnarskylda helst eftir að stjórnarmaður hefur látið af störfum fyrir Umhyggju.

- 6.2. Ef stjórnarmaður er talinn hafa brotið gegn þagnarskyldu eða hafa rofið að öðru leyti trúnað sem honum er sýndur, skal formaður stjórnar kanna hvort slík ásökun sé á rökum reist, m.a. með samtali við viðkomandi stjórnarmann. Reynist svo vera skal stjórnarmanni veitt áminning, en sé brotið alvarlegt eða ítrekað skal stjórnarmanni vikið úr stjórn.
- 6.3. Stjórnarmaður skal varðveita með tryggum hætti öll gögn sem hann fær afhent til að gegna starfi sínu sem stjórnarmaður.

## 7. Ráðning starfsfólks

- 7.1. Stjórnarmenn gæta þess að við ráðningu starfsfólks Umhyggju sé í hvívetna fylgt lögum og reglum og að einungis málefnalegar forsendur liggja að baki vali á starfsfólki. Hið sama skal haft í huga við val á aðkeypri þjónustu.

## 8. Breytingar, varsla og birting siðareglna

- 8.1. Einungis stjórn getur gert breytingar á siðareglum þessum. Til breytinga á siðareglunum þarf samþykki einfalds meirihluta stjórnar. Æskilegt er að siðareglur þessar séu yfirfarnar a.m.k. árlega.
- 8.2. Frumrit siðareglna þessara og breytingar ef við á, skal jafnan geyma með fundargerðum stjórnar. Þeir sem eiga sæti í stjórn við setningu siðareglanna skulu undirrita frumrit þeirra. Ef stjórn samþykkir breytingar á siðareglunum skulu stjórnarmenn undirrita frumrit af reglunum svo breyttum.
- 8.3. Nýjum stjórnarmönnum skulu kynntar siðareglurnar og undirgangast þeir þær með undirskrift sinni á þær og lýsa því þar með yfir að þeir ætli að hafa þær að leiðarljósi í hvívetna í störfum sínum fyrir Umhyggju.
- 8.4. Siðareglur þessar skulu vera aðgengilegar á heimasíðu Umhyggju.

Samþykkt í Reykjavík 4. Júní 2019

Regna Lilja Magnúsdóttir  
Stjórn  
Kárunn Guðmundsdóttir  
Andrís Þóppursson

Eva Hrönn Jónsdóttir  
Kristín Jóna Guðstær  
MARGRÉT VACA M.